

Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla

Fundur haldinn þann 28. ágúst Hörðuvallaskóla

Fundur settur 20:00

Mættir: Arnar Björnsson, Atli Björn Þorbjörnsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björg Evans, Heiðar Atlason, Heiður Hjaltadóttir, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir.

Fundastjóri Marta Sigurjónsdóttir

Fundaritari Freygerður Anna Ólafsdóttir

1. Betri Kópavogur

Verkefnið Betri Kópavogur er að fara af stað en þar gefst íbúum samfélagsins færi á að koma með tillögur að úrbótum á sínu nágrenni. Íbúafundur vegna Hvarfa/Kóra/Pinga verður 5. september í Hörðuvallaskóla. Rætt var um forgangsröðun leiktækja á skólalóð Hörðuvallaskóla og hvaða tæki hentuðu sem breiðustum aldurshóp nemenda. Farið yfir þær hugmyndir og tillögur foreldra, starfsmanna og nemenda að bættri skólalóð sem komu fram á síðastliðnu starfsári.

Niðurstaða:

1. Körfuboltavöllur
2. Rólur er snúa hvor að annari
3. Kastali

Stjórn Foreldrafélagsins vinnur að því að koma vel undirbúin til íbúafundarins.

2. Önnur mál.

1. Arnar Björnsson upplýsti stjórn um að verið væri að vinna að fimm ára áætlun um útlit skólalóðar Hörðuvallaskóla. Sú vinna er í höndum garðyrkjumeistara Kópavogsbæjar, skólastjóra, aðstoðaskólastjóra (Þórunn), arkitektar Lóðar, Mörtu Sigurjónsdóttur og Arnars Björnssonar.
2. Sent hefur verið út bréf til fráfarandi bekkjarfulltrúa þar sem þeir eru hvattir til að finna arftaka eða halda áfram starfi sínu. Sjötíu og þrjá bekkjarfulltrúa vantar, skráðir eru átta fulltrúar.

Verkefni:

Grenslast fyrir um kostnað við rólur og kastala í Salaskóla – Heiður

Grenslast fyrir um kostnað við körfuboltavöll – Marta

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 31. ágúst.

Fundi slitið 21:10